

Stjörnugrís, Brautarholti  
Saltvík  
162 Reykjavík

Reykjavík, 16. janúar 2020  
UST201901-209/H.E.  
08.12.02

**Efni: Reglubundið eftirlit, 1. 10. 2019, hjá Stjörnugrís, Brautarholti.**

Pann 1. október sl. fór fram eftirlit í Stjörnugrís, Brautarholti á Kjalarnesi. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Rekstraraðili vinnur eftir samþykktri úrbótaáætlun varðandi eldra frávik um hrægáma og er áætlað að úrbótum ljúki fyrir 1. febrúar nk. Staðfestar voru úrbætur vegna fjögurra eldri frávika.

**Engin ábending var gerð í eftirlitinu en eitt frávik kom fram er varðar:**

1. Gr. 6.4 og 6.5 í 2. kafla starfsleyfisskilyrða. Ekki er halddið utan um skráningar í samræmi við ákvæði í grein 6.4 í 2. kafla starfsleyfisskilyrðanna en skv. grein 6.5 í 2. kafla starfsleyfisskilyrða skulu þær vera aðgengilegar fyrir eftirlitsaðila við eftirlit.

**Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 30. janúar, 2020.**

Virðingarfyllst

  
Halla Einarsson

  
Einar Halldórsson

Afrit: Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Stjörnugrís (áður Höndlun ehf.) Brautarholt, Kjalarne

UMHVERFISSTOFNUN

Dags eftirlits	1.10.2019	Ábyrgðarmaður eftirlits	Halla Einarsdóttir
Fyrirtæki	Stjörnugrís (áður Höndlun ehf.)	Eftirlitsmaður	Frigg Thorlaci
Heimili	Logafold 49	Tegund eftirlits	Reglubundið seinna eftirlit
Kennitala	681174-0289	Flokkur	Þauleldi
Fulltrúi fyrirtækis	Geir G. Geirsson	ÍSAT nr.	01.46.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Farið var í seinna reglubundna eftirlit ársins í Svínabú Stjörnugríss að Brautarholti. Í eftirlitinu voru staðfestar úrbætur vegna 4 útistandandi frávika. Unnið er samkvæmt samþykktri úrbótaáætlun er varðar hrægáma og áætlað að úrbótum ljúki fyrir 1. febrúar nk.

Í eftirlitinu var skráð eitt nýtt frávik er varðar skráningar skv. grein 6.4 og 6.5 í 2. kafla starfsleyfisskilyrðanna.

## UMFANG EFTIRLITS

Boðað umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

1. Síðasta eftirlitsskýrsla og úrbætur vegna útistandandi frávika.
2. Geymsla og förgun á lífrænum úrgangi.
3. Rannsóknir, eftirlit og skráningar skv. 9. gr. 1.kafla, 6. gr. 2. Kafla.

### 1. Síðasta eftirlitsskýrsla og úrbætur vegna útistandandi frávika.

Skráningar skv. grein 9.1 í starfsleyfisskilyrðum: Lögð voru fram skráningarblöð á tæmingu á flórum, þrif á deildum, slátrun dýra og affala (sjálfdauðra gripa) ásamt kvittunum frá flutningsaðila sem flytur dýrahræ frá búinu. Skráningar á mánaðarlegri stöðu mykutanka (þróar) er ábótavant sem og skráningar á dreifingu svínamykju. Engin íblöndunarefni eru notuð í flóra.

Ahættumat og viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar hafs og stranda var lögð fram í eftirlitinu. Eina skilgreinda mengunarhætta frá búinu er metin vera leki þró fyrir svínaskít. Minnt var á að tilkynna mengunarhöpp á netfangið ust@ust.is.

Farið var yfir úrbætur vegna fráviks er varðar umhirðu lóðar í samræmi við kröfur í grein 3.2 í 1. kafla og grein 2.3 í 2. kafla starfsleyfisskilyrðanna. Rekstraraðili var minntur á að huga vel að þessu atriði næsta vor þegar gróður fer að vaxa að nýju.

Í eftirlitinu voru ekki sjánleg óhreinindi frá útrás frá búinu út í skurð og grænu bókhaldi og útstremisbókhaldi hefur verið skilað.

2. Dýrahræ eru geymd í hrægámi með segl sem yfirbreiðslu. Í eftirlitinu kom fram að búið er að panta nýjan hrægám og hann sé væntanlegur á næstu vikum. Kvitanir flutningsaðila dýrahræja gefa til kynna að losun hrægámana sé u.þ.b. mánaðarlega. Ekki hefur komið til tæmingu þurrhluta svínaskíts frá því að eigendaskipti áttu sér stað í byrjun árs.

3. Farið var nánar yfir kröfur um rannsóknir, eftirlit og skráningar sbr. 6. gr. 2. kafla starfsleyfisskilyrða.

Fram kom að skráningum á dagsetningum og tímabundinum hverrar losunar er ábótavant. Fram kom að deildir séu tæmdar á miðvikudögum og fimmtudögum og að mykjan sé losuð út í þró í kjölfarið og unnið í hreinsivirk í u.þ.b. þrjá daga (miðvikudaga til föstudaga). Skráningar á magni blauthluta sem dælt er út ekki til staðar. Rekstraraðila hafa ekki borist kvartanir vegna starfseminnar fyrir utan þær sem hafa borist í gegnum Umhverfisstofnun. Bæta þarf skráningar á magni þurrhluta sem fellur til við skiljun sem og skráningar á bilunum og viðhaldi búnaðar í hreinsivirk. Samkvæmt upplýsingum rekstraraðila hefur ekki komið til bilunar á hreinsivirk eftir að sjálfvirkar stýringar á dælum voru afnumdar.

Í kjölfar eftirlitsins var minnisblað um niðurstöður vöktunar á saurkóligerlum í sjávarsýnum árið 2016. Sýni voru tekin mánaðarlega á fjórum stöðum í sjó meðfram strandlengjunni og greind m.t.t. saurkóligerla (E. coli) og enterókokka, hitastigi og skoðun á tærleika sýnis. Flest sýnin gefa til kynna að saurmengun sé lítil eða mjög lítil fyrir utan eftirfarandi sýni: sýni við svínabú í mars og við Músanes í janúar gáfu til kynna nokkra saurmengun og sýni tekin við Bakka í ágúst og við hús Björns í september gáfu til kynna mikla saurmengun. Í þessum tilvikum voru mæliniðurstöður í sýnum sem tekin voru á

sömu stöðum mánuði síðar undir umhverfismörkum fyrir litla mengun. Það bendir til þess að mengun m.t.t. saurgerla væri ekki viðvarandi.

Rannsóknir á efnainnihaldi ómeðhöndlaðs úrgangs/mykju (blauthluta) fyrir skiljun og meðhöndlaðs úrgangs/mykju eftir skiljun (þurrhluta) voru ekki tiltækar í eftirlitinu en slíkar mælingar á að gera a.m.k. 5 ára fresti skv. ákvæðum starfsleyfisskilyrðanna.

Í skoðunarferð um búið kom fram að rekstararaðili hefur tekið í notkun þró fyrir bjórhrat sem notað verður sem fóður. Unnið er að byggja yfir þróna til að verja fóðrið og hindra aðgang meindýra. Ekki var vart við fugl, fok eða aðra mengun vegna hratsins þegar eftirlitið fór fram.

Unnið er að endurbótum á búinu s.s. útskiptingu hurða, fóðurkerfa, rafmagnsbúnaði, dælum, sigti og síum í fóðurkerfum og loftræstingu.

#### **Frávik frá Lýsing á fráviki**

grein 6.4 og 6.5 í 2. kafla starfsleyfisskilyrða Ekki er haldið utan um skráningar í samræmi við ákvæði í grein 6.4 í 2.

kafla starfsleyfisskilyrðanna en skv. grein 6.5 í 2. kafla  
starfsleyfisskilyrða skulu þær vera aðgengilegar fyrir eftirlitsaðila við eftirlit.

## ÁBENDINGAR

### ANNAÐ

Tvær kvartanir hafa borist frá síðasta eftirliti vegna lyktar frá búinu.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 17.12.2019

*Halla Einarsdóttir*  
Halla Einarsdóttir

bls. 4